


|   |                  |
|---|------------------|
|  | Hafnarfjarðarbær |
| Innk:   | 1/12 2015        |
| Málsnr:   | 1512015          |
| Bréfal:   | 250              |

Hafnarfjörður 1. desember 2015

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

### Akstur vélhjóla á Hvaleyrarvatni

Svavar Friðrik heiti ég og er uppalinn Hafnfirðingur. Mál þetta varðar ísakstur sem er íþrótt og keppnisgrein sem heyrir undir MSÍ (Mótorhjóla og vélsleðasamband Íslands) sem er sérsamband innan vébanda ÍSÍ og er alþjóðleg keppnisgrein, iðkuð víðsvegar um heim. Sjálfur hef ég iðkað ísakstur á vélhjólum undan farin 15 ár í landi Hafnarfjarðar. Hin síðustu ár hefur íscrossið eins og greinin nefnist í daglegu tali mætt mikilli andstöðu að hálfu bæjaryfirvalda, andstöðu sem greinin á ekki skilið. Nú tel ég mig knúinn til að taka málstað íscrossins og tala fyrir hönd áhuga- og keppnismanna sem hafa stundað þessa íþrótt um árabil. Margir hafa lagt mikið á sig til þess að öðlast reynslu, hæfni, og þekkingu á greininni. Hafnarfjörður hefur alið af sér marga af bestu afreksmönnum greinarinnar, með ótal íslandsmeistarátitla á bakinu.

Eins og áður hefur verið nefnt og eins dapurt og það er þá höfum við mætt miklu mótlæti af hálfu bæjaryfirvalda, það hefur gert það að verkum að við getum ekki iðkað eða æft okkar íþrótt eins og aðrir íþróttamenn. Við erum litnir hornauga og flokkaðir sem minnihlutahópur. Árið 1996 var byrjað að stunda íscross af Hafnfirðingum hér í Hafnarfirði. Í kjölfarið var barist fyrir því að fá leyfi til þess að stunda greinina í sátt og samlyndi við alla aðila. Í mörg ár höfðum við formlegt leyfi til aksturs á Hvaleyrarvatni. Nú tuttugu árum síðar erum við aftur á byrjunarreit. Leyfi sem gefið var út árið 2001 var dregið til baka í desember 2008. Lögreglan kemur iðulega og rekur okkur í burtu án þess að geta gefið skýr svör. Lögreglan gefur aðeins þau svör að hafa skuli samband við bæjaryfirvöld. Samkvæmt því sem ég kemst næst er hávaðamengun orsök þeirra kvartanna sem borist hafa. Hefur það gert það að verkum að bæjaryfirvöld meina okkur akstur á Hvaleyrarvatni. Svæðið við Hvaleyrarvatn er útivistarsvæði og opið öllum og fáum við yfirleitt og í flestum tilfellum jákvæð viðhorf almennings. Ég skora á Bæjarstjórn Hafnarfjarðar að taka málið fyrir og sýna áfram þann stuðning sem bærinn hefur sýnt afreksfólki í akstursíþróttum. Þetta eru fáir dagar á ári sem hægt er að iðka greinina. Ég vitna hér í lög sem heimila akstur á vötnum, málstaði okkar til stuðnings. 15/1923 nr 115 sem segir:

#### XII. kafli. Um almenna umferð um vötn. ■ 115. gr.

*Heimild til að fara um vötn og til afnota af vatnsbökkum.*

*Öllum er heimil för, þ.m.t. á farartækjum, um vötn, einnig á ísi, með þeim takmörkunum sem lög kveða á um, þó þannig að það valdi ekki truflun á veiðum manna. [Sá ráðherra er fer með málefni náttúruverndar]1) getur í reglugerð sett takmarkanir við umferð vélknúinna báta og annarra vélknúinna farartækja um vötn og vatnasvæði.*

*Allir sem fara um vötn eða nota þau til sunds og baða, sbr. 11. gr., hafa rétt til þeirra afnota af vatnsbökkum sem eru nauðsynleg vegna umferðar um vötn en gæta skulu þeir varkárni og fordást að valda skemmdum á landi, mannvirkjum eða veiðitækjum í vatni eða við það.]2*

Hafnarfjörður 1. desember 2015

Þetta er líka góður staður fyrir okkur að fá að kynna þetta fyrir nýjum ökumönnum og hafa áhrif á þá til að stunda þetta með réttum formerkjum í sátt og samlyndi.

Stærstu rökin eru þau að umhverfisvænni akstur vélknúinna ökutækja er ekki til því ummerkin eru sáralítill ef nokkur fyrir utan að það er miklu betra að heimila akstur á einum stað þar sem hægt er að hafa eftirlit og leyfa mönnum að fá útrás í stað þess að hver og einn stelst til að fara eitthvað til að fá þessa útrás. Þetta myndi skapa betri samskipti á milli hjólamanna og annarra hópa en í dag upplifum við okkur allstaðar fyrir og afgangsstærð og erum því síður móttækilegir fyrir vinsamlegu samskiptum þar sem það skiptir ekki máli hvar við erum, alls staðar er amast við okkur.

Akstur á ís er ekki bannaður og bærinn á í miklum erfiðleikum með að stöðva þennan akstur á þeim forsendum. Þetta er ekki í byggð og sá hávaði sem myndast er að myndast kannski 3 - 5 vikur á ári og hinar 49-47 vikur á ári yrði annað útivistarfólk laust við okkur

Fyrir utan að þetta er að öllu leyti stundað þegar það er kalt í veðri og þá fækkar útivistarstundum annarra útivistarhópa. Sá hópur sem kvartar hvað mest eru hundaeigendur sem eru með hunda sína lausa, sem má benda á að er bannað, og hestamanna. Það er ótrúlegt að hestamenn setja sig á móti þessu því það eru reiðleiðir um allan Hafnarfjörð fyrir utan að þeir eru með yfirbyggða reiðhöll. Við höfum ekkert slíkt. Við getum svo sem skellt því fram að ef bærinn byggði eitt stykki fjölnotahús fyrir okkur hjólamenn að þá myndi þessi akstur hverfa af tjörninni.

Þess má geta að engin íþrótt borgar jafn mikið til ríkisins fyrir að fá að stunda sína íþrótt. Við greiðum 30% vörugjöld af hjólum og öðrum búnaði því tengdu og eru tekjur ríkisins af einu hjóli um 6-700 þúsund krónur bara við það eitt að það er keypt. Síðan koma álögur á bensín fyrir vegaskatt sem er um 50% - 65% af bensínlítranum en þessi hjól mega ekki vera á vegum þannig að þessi skattur er hrein og bein skattþening á akstur tækja fyrir uppbyggingu vega sem þau mega ekki nota.

Við þurfum að kaupa tryggingar, skyldutryggingu, sem kostar í það minnsta 70-100 þúsund krónur á hjól og hjól skapa störf því það er verslun og þjónusta þessu tengd. Bæði hvað varðar aukabúnað og viðhaldi á hjólum sem felst í verkstæðum. Síðan en ekki síst að þá eru skráð hátt í 12 þúsund torfæruhjól á landinu, þannig að tekjur ríkisins er nokkur og er ekki betra að skapa þessum hóp einhverja aðstöðu því nánast allir þessir einstaklingar sem greiða af þessum hjólum geta líka greitt atkvæði í kosningum.

Það besta sem Hafnarfjörður myndi gera væri að styrkja og styðja betur íþróttina og uppbyggingu hennar sem og gefa ökumönnum tækifæri á að brúka sín hjól þessar örfáar vikur sem isinn leggur á þessari 5 ferkílómetrum ef það nær því.

Hafnarfjörður 1. desember 2015

Að lokum nokkrir punktar

- Það er mikilvægt fyrir okkur sem erum í þessu vaxandi sporti að hafa aðstoðu í okkar heimabæ og fá aðstoð og samvinnu frá bæjarfélaginu líkt og í öðru sporti.
- Við erum 15 manna hópur sem er hvað duglegastur í þessu sporti og 80% þeirra eru Hafnfirðingar. Hjólinn okkar eru tryggð og eru á rauðum númerum.
- Göngufólk og aðrir sem eiga leið hjá sýna sportinu í langflestum tilfellum áhuga.
- Hjólin verða ekki gangsett á veginum við Hvaleyravatn og þeim er alltaf ýtt niður að vatninu og tekið tillit til nærliggjandi gróðurs.
- Þetta eru fáir dagar á ári og engar skemmdir fyrir utan óánægju eithverja einstaklinga.
- Hafnarfjörður eyðir milljónum króna í fjárveitingar og styrki til íþróttafélaga ár hvert, sterk hefð er fyrir þessu sporti hér og kjöraðstaður.
- Fyrir u.þ.b tíu árum var safnað undirskriftarlista um að fá svæði fyrir motocrosshjól í landi.
- Hafnarfjarðar á þann lista skrifuðu um 4 þúsund Hafnfirðingar. Listinn ætti að vera til hjá ykkur.

Með vinsemd og virðingu

Svavar F. Smáráson

Svavar Friðrik Smáráson

svavar184@egmail.  
134